

67

15. ágúst

AUGLÝSING

um breyting á forsetaúrskurði frá 11. september 1953, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands í dag gert þá breytingu á forsetaúrskurði frá 11. september 1953, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., að 6. málslíður IV. liðs úrskurðarins skuli hljóða þannig: Iðnskólar iðnaðarnám, iðnaðarmál, þar undir iðnfélög.

Þetta birtist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

Forsætisráðuneytið, 15. ágúst 1955.

Ólafur Thors.

Birgir Thorlacius.

68

10. sept.

FORSETABRÉF

um að reglulegt Alþingi 1955 skuli koma saman til fundar laugardaginn 8. október 1955.

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1955 skuli koma saman til fundar laugardaginn 8. október n. k.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðspjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 10. september 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

69

5. okt.

AUGLÝSING

um samning milli Íslands og Svíþjóðar um undanþágu frá sköttum af ágóða skipaútgerðar og flugreksturs.

Hinn 17. september 1955 var undirritaður í Reykjavík samningur milli Íslands og Svíþjóðar um undanþágu frá sköttum af ágóða skipaútgerðar og flugreksturs. Samningurinn var gerður á íslenzku og sænsku og fylgir hann hér með.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 5. október 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.